

- ① Innleiðing á sjálfvirkri töku tanksýna frá innleggjendum mjólkur.
- ② Fangpróf.



MJÓLKURSAMSALAN

Október 2017


Innihald

① Sjálfvirk sýnataka.....	3
Handvirk sýnataka – á útleið.....	3
Sjálfvirk sýnataka – innleidd.....	3
Hvað er sjálfvirk sýnataka ?.....	4
Ástæður fyrir innleiðingu á sjálfvirkri sýnatöku.....	4
Sjálfvirk sýnataka ekki möguleg alls staðar.....	5
Möguleg sýnatökuaðferð í dag.....	5
Sýni verða rotvarin strax.....	6
Hefur rotvörnin einhver óæskileg áhrif á niðurstöður mælinga ?	6
Tryggari meðhöndlun sýna.....	6
Mikilvægt að hafa í huga.....	7
Mjólk þarf að vera vel hrærð.....	7
Stútar mjólkurtanka þurfa að vera hreinir.....	7
Lágmarksmagn mjólkur 200 lítrar.....	7
Hvenær ?.....	8
② Fangpróf.....	9
Hvað er fangpróf ?.....	9
Hægt að fangprófa 28 dögum eftir sæðingu.....	9
Sýnataka.....	9
Merkingar sýna og sendingarleiðir fyrir sýni í fangpróf.....	10
Hvenær gætu niðurstöður borist úr fangprófi ?.....	10
Mælt er með að fangpróf séu endurtekin á meðgöngunni.....	10
Hvað þarf að greiða fyrir fangpróf.....	11
Móttaka sýna í fangpróf hefst 1. nóvember.....	11
Nánari upplýsingar.....	12

① Sjálfvirk sýnataka

Tekin verður upp sjálfvirk sýnataka á tanksýnum á næstunni til mælinga á efnaþáttum, frumutölu og líftölu. Þessi sýnataka kemur í stað handvirku sýnatökunnar með sýnabelgjunum í þeim tilfellum sem sjálfvirkur sýnatökubúnaður er fyrir hendi.

Handvirk sýnataka – á útleið



Reglubundin tanksýni hafa verið tekin handvirkt beint úr tanki í sýnatökubelg. Þegar sýnið hefur borist mjólkurstöð hefur því verið deilt í tvö sýnaglös hvort með sína rotvörnina, annað fyrir mælingu á líftölu og hitt fyrir efnamælingu og mælingu á frumutölu.

Sjálfvirk sýnataka – innleidd



Sýnaglas sem merkt er með strikamerki sem auðkennir viðkomandi innleggjanda og inniheldur rotvörn er sett í þar til gerðan sýnatökubúnað í inndælingarbúnaði tankbíls. Á meðan að inndæling stendur yfir púlsar búnaðurinn jafnóðum örlitlum mjólkurskvettum í sýnaglasíð. Þegar sýnið berst mjólkurstöð verður það sent beint á rannsóknarstofu í mælingu.

Hvað er sjálfvirk sýnataka?

Sýnataka tanksýna hefur farið þannig fram að sýnabelg hefur verið stungið ofan í tankinn og mjólk sogin upp í hann áður en inndæling hefst.

Sjálfvirk sýnataka úr tankmjólk fer hins vegar þannig fram að sýnaglas sem merkt er með strikamerktum límmiða er sett í þar til gerðan sýnatökubúnað sem staðsettur er í inndælingarbúnaði tankbíls. Inndæling er hafin og á meðan á henni stendur púlsar búnaðurinn jafnóðum mjólk í sýnatökuglasið þar til inndælingu lýkur. Þessi sýnatökuaðferð hefur verið notuð í tugi ára í nágrannalöndum okkar og hefur reynst mjög vel.

Í sýnaglasinu verður rotvörn sem viðheldur gæðum sýnisins þar til það verður mælt.

“Sjálfvirk sýnataka eykur áreiðanleika sýnanna, sýnaúrvinnslunnar og einsleitni sýnatökunnar.”

Ástæður fyrir innleiðingu á sjálfvirkri sýnatöku

Ástæður þess að sjálfvirk sýnataka er tekin upp eru eftirfarandi:

- Tryggja einsleita sýnatöku hjá bændum
- Auka áreiðanleika sýnanna og meðhöndlun þeirra
- Minnka vinnu við meðhöndlun og mælingu sýnanna.

Sjálfvirk sýnataka ekki möguleg alls staðar


Ekki er kominn sjálfvirkur sýnatökubúnaður í alla innvigtunarbíla ennþá. Á meðan að svo er, verða sýni áfram tekin í belgi á þeim bæjum sem mjólk verður sótt með bílum sem ekki hafa slíkan búnað. Vinnu við að setja slíkan búnað í alla innvigtunarbílana verður hraðað eins og kostur er.

Möguleg sýnatökuaðferð í dag

Í dag væri í 66% tilfella hægt að taka sýni sjálfvirkt. Hjá 59% framleiðenda væri alltaf hægt að

Hlutfall af sýnatökum	
Handvirk sýnataka	34%
Sjálfvirk sýnataka	66%
Samtals	100%

taka sýni sjálfvirkt og stundum hjá 13% framleiðenda í viðbót. Sjá nánar á kortinu.



Sýni verða rotvarin strax

Sú breyting verður einnig að sýnin verða rotvarin á staðnum. Hvort sem um sjálfvirka sýnatöku er að ræða eða handvirka þá verður sýnið sett í sýnaglas með rotvörn á staðnum.

Í þeim tilfellum sem þarf að taka sýni handvirkt með sýnatökubelgjum verður þeim strax sprautað yfir í sýnabikar með rotvörn.

“Í sýnaglasinu verður rotvörn sem viðheldur gæðum sýnisins þar til það verður mælt.”

Hefur rotvörnin einhver óæskileg áhrif á niðurstöður mælinga ?

Rotvörnin sem notuð verður er sú sama og notuð hefur verið fyrir líftölusýnin, Azidiol. Hún hefur engin óæskileg áhrif á niðurstöður mælinga. Þetta hefur verið prófað og sannreynt.

Tryggari meðhöndlun sýna

Með því að strikamerkja sýnaglösin og rotverja sýnin á staðnum er tryggt að ekki verði ruglingur á sýnum milli aðila. Ekki þarf að eiga neitt meira við þau fyrr en þau berast á RM í Reykjavík, þar sem þau eru lesin inn á mælingarvélarnar með strikamerkjaskanna.

Mikilvægt að hafa í huga !

Mjólk þarf að vera vel hrærð



Áfram þarf mjólkina að vera vel hrærð í tanknum til að sýnið gefi sem réttasta mynd af þeirri mjólki sem er í tanknum.

➔ *Hefur sérlega mikla þýðingu í þeim tilfellum sem sýni eru tekin í belg.*


Stútar mjólkurtanka þurfa að vera hreinir



Áfram er áriðandi að stútar mjólkurtanka séu vel þrifnir.

➔ *Hefur sérlega mikla þýðingu þar sem sjálfvirk sýnatöku fer fram en þá er sýnið tekið úr mjólkinni þegar hún rennur í gegnum inndælingarbúnað tankbíls.*

Lágmarksmagn mjólkur 200 lítrar



Lágmarksmagn mjólkur í mjólkurtanki þarf að vera 200 lítrar fyrir sjálfvirka sýnatöku.

➔ *Nauðsynlegt til að nægjanlegt magn sýnis náist með sjálfvirkri sýnatöku.*

➔ *Ef magnið er minna er nauðsynlegt að taka sýnið handvirkt.*

Hvenær ?

Þessar breytingar verða innleiddar frá og með 1. nóvember 2017. Þá verður sjálfvirk taka sýna beint í rotvarin sýnaglös í þeim tilfellum sem sjálfvirkur sýnatökubúnaður verður fyrir hendi og í hinum tilfellunum verður sýnunum úr belgjunum strax hellt yfir í rotvarið stríkamerkt sýnaglas á staðnum.

“Breytingarnar verða innleiddar frá og með 1. nóvember 2017.”

② Fangpróf

Boðið verður upp á sérstök fangpróf á mjólkursýnum á RM í Reykjavík frá og með 1. nóvember 2017.

Hvað er fangpróf ?

Fangprófið sem notað verður er ELISA próf frá IDEXX.

Prófið mælir homónið PAGs (pregnancy associated glycoproteins) í mjólk. Hormónið er vísir á að viðkomandi kú hefur fest fang.

Hægt er að fangprófa 28 dögum eftir sæðingu.

Prófið getur greint fang 28 dögum eftir sæðingu. Til samanburðar þá geta dýralæknar/frjótæknar almennt fyrst greint fang u.þ.b. 42 dögum eftir sæðingu.

Sýnataka

Sýni fyrir fangpróf er hægt að taka með sama hætti og venjuleg kýrsýni. Þó er mikilvægt að hafa varann á hvað varðar gæði sýnisins og mögulegt smit milli sýna:

- Gæta skal að gæði mjólkurinnar séu góð t.d. að hún sé ekki súr eða dröfluð. Léleg gæði mjólkur geta haft áhrif á niðurstöðu fangprófsins.
- Hafa þarf í huga að ef prufubúnaður er notaður við sýnatökuna þá er möguleiki á að hormónið smitist milli sýna með búnaðinum.

Merkingar sýna og sendingarleiðir fyrir sýni í fangpróf

Senda þarf mjólkursýni úr viðkomandi kú, best að hafa það rotvarið á sama hátt og venjuleg kýrsýni. Hægt er að nota sömu sendingarleiðir og notaðar eru fyrir reglubundnu kýrsýnin. Þar að auki er hægt að láta prófa venjuleg kýrsýni úr reglubundinni kýrsýnasendingu. Loks er hægt að nýta PCR kassana fyrir fangsýni en verið er að breyta eyðublöðunum í þeim þannig að unnt verður að velja um hvort viðkomandi sýni eigi að fara í fangpróf eða PCR próf.

Mikilvægt er að eftirfarandi sé skráð á fylgiskjal með sýninu:

- Nafn innleggjanda
- Innleggssnúmer
- Dagsetning sýnatöku
- Dagsetning sæðingar
- Kýrnúmer

Hvenær gætu niðurstöður borist úr fangprófi ?

Í byrjun verður sýnum safnað saman og greiningin keyrð einu sinni í viku og oftár ef þörf verður á. Fer eftir fjölda sýna. Niðurstöður gætu því borist allt frá því samdægurs upp í 7 daga eftir móttöku sýnis á rannsóknarstofu.

Mælt er með að fangpróf séu endurtekin á meðgöngunni

Þar sem líkur á einkennalausni fósturláti eru mestar á fyrri hluta meðgöngu þá er æskilegt að endurtaka prófið 65 til 70 dögum eftir sæðingu. Eftir það minnka líkurnar á fósturláti en góð regla er að endurtaka prófið um 105 dögum eftir sæðingu. Til að tryggja að kýr verða ekki geldar upp fósturlausar er ráðlagt að endurtaka prófið um 215 dögum eftir sæðingu eða í upphafi geldstöðu.

Hvað þarf að greiða fyrir fangpróf ?

Hver greining kostar 500 kr með VSK.

Móttaka sýna í fangpróf hefst 1. nóvember 2017

Frá og með 1. nóvember n.k. verður boðið upp á móttöku sýna í fangpróf.

“Boðið verður upp á að taka við sýnum í fangpróf frá og með 1. nóvember 2017.”

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar varðandi sjálfvirka sýnatöku eða fangpróf er hægt að fá með því að hafa samband við eftirfarandi aðila:

Nafn	Símanúmer	Netfang
Guðmundur Jónsson	450 1240	gudmundurj@ms.is
Jarle Reiersen	854 6006	jarle@ms.is
Jón K. Baldursson	450 1220	jonkb@ms.is



Bitruháls 1

110 Reykjavík

Sími: 450 1200

Netfang: ms@ms.is

Vefsíða: www.ms.is